

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógbabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir spildu úr landi lögþylisins Lindatungu, íbúðarhús og skemma.*
Skipulagssvæðið nær yfir nýja spildu úr landi Lindatungu þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 250 m² íbúðarhús og 300 m² bílskúr/skemmu.
Samþykkt í sveitarstjórn 12. júní 2014.
2. *Deiliskipulag smávirkjunar fyrir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar við Bláfell.*
Deiliskipulagið nær til svæðis við fjallíð Bláfell á Kili þar sem fyrirhugað er að koma upp 10-20 kW smávirkjun til að sjá fjarskiptastöð Neyðarlínunnar fyrir rafmagni. Stífla, stöðvarhús og önnur mannvirki verða staðsett í um 620 m hæð.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2014.
3. *Deiliskipulag í landi Miðdalskots.*
Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á 13 ha svæði í kringum bæjartorfuna og til norðurs verði heimilt að byggja við íbúðarhús og útihús sem fyrir eru á jörðinni. Einnig er gert ráð fyrir að reisa nýtt íbúðarhús og frístundahús og stækka núverandi frístundahús. Stærð íbúðarhúsa er 300-350 m². Á lóð merkt nr. 6 verður heimilt að reisa 5 allt að 80 m² gistihús í tengslum við ferðapjónustu bænda. Nýtingarhlutfall á frístundalóðum er 0,03 og hámarkshæð bygginga á bilinu 6-10 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2014.
4. *Breyting á deiliskipulagi í Laugarási, spennistöð við Skálholtsveg.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri lóð undir spennistöð við Skálholtsveg úr landi Lauftúns í Laugarási.
Samþykkt í sveitarstjórn 12. júní 2014.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Úthliðar, Mosaskygganir 7 og 8.*
Í breytingunni felst að mörk milli lóða 7 og 8 við Mosaskyggnir breytast á þann veg að lóð 8 stækkar úr 5.973,8 m² í 7.147,7 m² og lóð 7 minnkar úr 5.973,7 m² í 4.799,8 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2014.
6. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Iðu 2, lóð nr. 8.*
Í breytingunni felst að á lóð nr. 8 er mænisstefnu breytt þannig að heimilt er að reisa hús með mænisstefnu AV og/eða NS í stað eingöngu AV.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2013.
Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2012 og birtist auglýsing nr. 194/2013 um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda 1. mars 2013. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsingin birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatn, 24. september 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.